

KYNNTU ÞÉR
VALKOSTI UM
UPPBYGGINGU
BRJÓSTA

með **MENTOR**[®] brjóstapúðum



MENTOR

Make life more beautiful™

Mentor hefur verið
viðurkennt á heimsvísu
í meira en 30 ár sem
leiðandi í framleiðslu
brjóstapúða.



MENTOR® MemoryGel™
brjóstapúðar eru
algengasta val milljóna
kvenna um allan heim¹.

Upplýsingarnar í þessum bæklingi eru einungis
ætlaðar til fræðslu og koma ekki í stað
læknisráðgjafar. Spyrðu skurðlækninn um við
hverju þú megir búast og fylgdu ráðleggingum
hans um athafnir eftir skurðaðgerðina.

TAKTU ÍGRUNDAÐA ÁKVÖRÐUN

VIÐ ERUM TIL STAÐAR TIL ÞESS AÐ HJÁLPA ÞÉR AÐ TAKA VANDLEGA ÍHUGAÐA UPPLÝSTA ÁKVÖRÐUN

Það er margt sem nauðsynlegt er að kynna sér þegar verið er að íhuga aðgerð til uppbyggingar brjósts eða brjóstaígræðslu. Bæklingnum er ætlað að hjálpa þér að öðlast góðan skilning til að byggja á við mikilvægt ákvörðunarferli, þegar þú íhugar nýjustu valmöguleika í vöruúrvali Mentor. CPG™ hlaupfylltu brjóstapúðarnir og MemoryGel™ brjóstapúðarnir okkar eru valkostir fyrir þig að íhuga og ræða við skurðlækninn.

Fyrirtækið á sér ríkulega sögu um að hafa verið í fararbroddi nýsköpunar í vöruhönnun og rannsókna sem hafa valdið straumhvörfum. Í gegnum tíðina hafa sumir framleiðendur komið og farið en Mentor á sér stöðugan feril sem leiðandi í framleiðslu FDA (Matvæla og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna) samþykkrar vöru til brjóstauppyggingar. Við sérhæfum okkur í að sjá sjúklingum og skurðlæknum fyrir sannreyndum öruggum og árangursríkum vörum og þjónustu. Eins og á við um allt í lífinu eru bestu ákvarðanir sem teknar eru byggðar á persónulegum þörfum, óskum, væntingum og staðreyndum.





EFNISYFIRLIT

- 1 Inngangur
- 2 Yfirlit um brjóstauppbyggingu
- 2 Tafarlaus brjóstauppbygging
- 6 Síðbúin brjóstauppbygging
- 8 Vöruyfirlit
- 12 Hvaða tegund MENTOR® brjóstapúða hentar þér?
- 14 MENTOR® CPG™ hlaupfylltir brjóstapúðar
- 16 MENTOR® MemoryGel™ brjóstapúðar
- 19 Öryggi sílíkons
- 22 Stefna Mentor varðandi lífstíðarábyrgð með tilliti til skipta á vöru og takmarkað umfang ábyrgðar MENTOR® á öryggi sjúklinga
- 23 Algengar spurningar um brjóstapúða
- 30 Upplýsingaveitur
- 32 Mikilvægar upplýsingar um öryggi



INNGANGUR

Mörgum konum finnst uppbygging brjóstis mikilvægt næsta skref í bataferlinu og til að ná heilsu almennt.

Fyrir sumar getur brjóstauppbýgging þýtt að þeim finnist þær heilar á ný og finni aftur til sjálfsöryggis varðandi útlit sem hefur hugsanlega tapast eða beðið hnekki meðan á meðferð stóð. Fyrir aðrar getur hentugleiki verið ástæðan – þær vilja einfaldlega losna við vesenið og áhyggjurnar sem fylgja því að nota lausan púða. Upplýsingar um valmöguleika hjálpa þér og skurðlækninum að taka rétta ákvörðun.

Mikilvægt er að átta sig á því að hvaða ferli brjóstauppbýggingar sem er krefst fjölda aðgerða. Raunverulegur fjöldi skurðaðgerða og sá tími sem tekur að jafna sig er mismunandi.

Ítarlegar upplýsingar um áhættu og ávinning í tengslum við MENTOR® brjóstapúða eru í mismunandi fræðslubæklingum. Mikilvægt er að lesa og skilja efni þessara bæklinga þegar verið er að íhuga val MENTOR® brjóstapúða. Brjóstapúðar eru ekki vörur sem endast ævilangt. Hugsanlegt er að þörf geti orðið á ófyrirhugaðri aðgerð á brjóstum vegna fylgikvilla eða óásættanlegs útlits. Algengustu vandamál sem geta fylgt uppbyggingu brjósta eru enduraðgerð, brottnám brjóstapúða og herping. Önnur áhætta sem minni líkur eru á er rof á brjóstapúða. Læknirinn mun fylgjast með þér eftir skurðaðgerðina með tilliti til hugsanlegra fylgikvilla.

Hvers vegna ætti að velja uppbyggingu brjóstis?

Tugir þúsunda sjúklinga með brjóstakrabbamein hafa valið að gangast undir aðgerð til uppbyggingar brjóstis. Við uppbyggingaágerð eftir brottnám brjóstis er lögum brjóstisins og áferð byggð upp að nýju. Ákvörðun um val á uppbyggingu er mjög persónuleg. Margar rannsóknir benda til þess að uppbygging brjóstis sé eins konar „afturkræft brottnám brjóstis“ með endurheimt líkamsímyndar, sjálfsöryggis og kynvitundar. Sálfræðilegur ávinningur brjóstauppbýggingar fyrir konur sem óska þess hefur verið vel staðfestur.

Ferli brjóstauppbýggingar er mismunandi eftir einstaklingsbundnum óskum um útkomu ásamt sérstökum aðstæðum og öðrum líffræðilegum og sálfræðilegum þáttum. Fáðu ítarlegar upplýsingar frá skurðlækninum um hvaða valkostur hentar þér og lífstíl þínum best og jafnframt um áhættur í tengslum við aðgerðina. Mikilvægt er að vera vel upplýst áður en ákvörðun er tekin um hvort gengist sé undir brjóstauppbýggingaraðgerð eða ekki og hvaða brjóstapúði komi til með að henta.

Skráðu niður hugsanlegar spurningar sem þú hefur og farðu yfir þær með skurðlækninum þegar þú mætir til hans.

YFIRLIT UM BRJÓSTAUPPBÝGGINGU VALMÖGULEIKAR – TAFARLAUS EÐA SÍÐBÚIN

Uppbýgging brjóst getur verið gerð samtímis brjóstnámi (tafarlaus uppbygging) eða einhvern tíma síðar (síðbúin uppbygging). Uppbyggingarferlið og vörur sem henta eru mismunandi eftir því hvaða útkomu er óskað eftir og einstaklingsbundnu vali og líffræðilegum þáttum.


TAFARLAUS BRJÓSTAUPPBÝGGING

Tafarlaus brjóstauppbýgging er gerð strax í kjölfar brjóstnáms. Eftir að skurðlæknirinn hefur fjarlægt brjóstvefinn mun lýtalæknirinn koma fyrir brjóstapúða eða vefjapenjara.

Einn áfangi

Tafarlaus brjóstauppbýgging í einum áfanga er þegar skurðlæknirinn kemur fyrir brjóstapúða strax eftir brottnám brjóst. Hjá konum sem hafa gengist undir geirvörtusparandi brjóstnám (þegar geirvartan er ekki fjarlægð), þar sem meirihluti brjóstshúðar er skilinn eftir, er hugsanlega möguleiki á uppbyggingu í einum áfanga.


Brjóstauppbýgging í einum áfanga



Skurður við brjóstnámáfanga



Brjóstapúði með fjærlæggu inndælingaraðgengi



Brjóstapúði með fjærlæggu inndælingaraðgengi, fyrir lokun skurðsárs



Lokaniðurstaða

Tveir áfangar

Tafarlaus brjóstauppbýgging í tveimur áföngum með ísetningu brjóstvefjapenjara eftir að skurðlæknirinn hefur fjarlægt brjóstvef hefst með ísetningu brjóstvefjapenjara. Á göngudeild fyllir skurðlæknirinn vefjapenjarann smám saman með sæfðu saltvatni. Með tímanum eykst rúmmál vefjapenjarans sem veldur því að það teygist á vefnum umhverfis þannig að nægjanleg aukning verður á húðvef til þess að ákjósanlegur árangur náist. Síðan er vefjapenjaranum skipt út fyrir brjóstapúða. Þessi aðferð veitir mestan sveigjanleika til að móta brjóstið.

Tafarlaus brjóstauppbýgging Valkostir um vörur

Þegar þú hefur fengið úr því skorið hvort þú eigir möguleika á tafarlausri brjóstauppbýggingu er næsta skref í ferlinu að ákveða hvaða vörur eigi að nota til þess að ná tilætluðum árangri. Haltu áfram að lesa til þess að kynna þér nánar valkosti um vörur.



MENTOR® BRJÓSTAVEFJAPENJARAR

Vefjapenjarar eru notaðir við tafarlausa brjóstauppbyggingu í tveimur áföngum til þess að teygja á húðinni og gera poka sem er þannig í lögun að hann henti fyrir ísetningu brjóstapúða.

MENTOR® BRJÓSTAPÚÐAR

Brjóstapúða er hægt að nota bæði við tafarlausa brjóstauppbyggingu í einum og tveimur áföngum. Brjóstapúði er poki (ytra byrði púða) gerður er úr sílíkonteygjuefni, fylltur sílíkonhlaupi, sem í skurðaðgerð er komið fyrir undir brjóstvef eða undir brjóstvöðva til þess að auka umfang brjósts. Mentor býður upp á sílíkon sem uppfyllir ströngustu öryggistaðla á markaði í dag.²



SILTEX™ BECKER™ VEFJAPENJARI/BRJÓSTAPÚÐAR

BECKER™ vefjapenjari/púði er eina varan með hlaupi sem veitir möguleika á uppbyggingu brjósts í einum eða tveimur áföngum. Þessar einstöku vörur eru með innra holrými sem inniheldur saltvatn sem gefur færi á þenslu vefs og ytra holrými sem inniheldur hlaup sem er hannað til þess að púðinn verði mýkri viðkomu. Fjarlægja aðgengið til inndælingar einfaldar rúmmálsaðlögun og auðvelt er að fjarlægja það þegar þenslu er lokið. BECKER™ vefjapenjari/brjóstapúðar eru tæknileg framför sem gerir skurðlækninum kleift að byggja upp brjóstið af nákvæmi með tilliti til stærðar, lögunar og fyllingar án þess að skerða náttúrulegan eftirgefanleika sílíkonhlaups.

MENTOR® SPECTRUM™ SALT VATNSBRJÓSTATPÚÐI MEÐ AÐLÖGUNARMÖGULEIKA


Í mörgum skurðaðgerðum til uppbyggingar brjósts sem gerðar eru tafarlaust í einum áfanga er komið fyrir stökum púða með aðlögunarmöguleika. Auka má rúmmál SPECTRUM™ púðans eftir aðgerð yfir nokkra mánaða tímabil þangað til hann hefur náð þeirri stærð sem óskað er eftir.

2. ISO: Non-active surgical implants — Mammary implants — Particular requirements. 14607. Second edition. 2007-02-15

SÍÐBÚIN BRJÓSTAUPPBYGGING

Ólíkt tafarlausri uppbyggingu brjósta hefst síðbúin uppbygging ekki í brjóstnámsaðgerðinni. Síðbúin uppbygging getur hafist vikum, mánuðum eða jafnvel árum eftir brjóstnámsaðgerðina. Skurðlæknirinn mun hefja uppbyggingaraðgerðina hvenær sem þú eða meðferðaraðilar þínir ákveða að það henti miðað við þínar sérstöku aðstæður. Uppbygging í tveimur áföngum er eini valkosturinn ef valið er að að gangast undir síðbúna aðgerð til uppbyggingar vegna þess að húðin yfir brjóstinu hefur dregist saman og glatað brjóstlöggun á þeim tíma sem liðinn er frá skurðaðgerðinni.

Síðbúin uppbygging brjósts með púða sem gerð er í tveimur áföngum felur í sér fleiri en eina aðgerð til þess að teygja smám saman á húðinni yfir brjóstinu þannig að hún fái á sig brjóstlöggun og myndi poka fyrir brjóstapúðann. Síðbúin uppbygging brjósts hefst með því að koma fyrir vefjapenjana. Vefjapenjarinn er smám saman fylltur af saltvatni til þess að teygja á húðinni og auka húðvef. Nokkrum mánuðum síðar þegar flatarmál húðarinnar er orðið nægjanlegt til að ná sem bestum árangri er vefjapenjaranum skipt út fyrir brjóstapúða.



Valkostir um vöru til síðbúinnar brjóstauppbýggingar

Hér fyrir neðan er stutt umfjöllun um valkosti um vefjapenjarar og brjóstapúða. Varðandi síðbúna brjóstauppbýggingu skaltu ráðfæra þig við skurðlækninn til þess að ákveða hvaða vörur muni skila bestum árangri við brjóstauppbýggingu miðað við sérstakar þarfir þínar.

MENTOR® VEFJAPENJARAR

Vefjapenjarar eru notaðir í tveggja áfanga síðbúinni brjóstauppbýggingu til þess að teyja á húðinni og mynda poka sem er þannig í laginu að hann henti fyrir brjóstapúða.

MENTOR® BRJÓSTAPÚÐAR

Þegar brjóstvefurinn hefur þanist út þannig að nægjanlegt rými hefur skapast er vefjapenjarinn fjarlægður og brjóstapúða komið fyrir í staðinn. Gerður er fjöldi stýrðra prófana á Mentor brjóstapúðum til þess að tryggja að einungis vörur sem uppfylli eða fari fram úr gæðastöðlum okkar séu sendar frá fyrirtækinu.



VÖRUYFIRLIT

Mentor er í fararbroddi á heimsvísu í framleiðslu brjóstapúða.¹ Gerður er fjöldi stýrðra prófana á Mentor brjóstapúðum til þess að tryggja að einungis vörur sem uppfylli eða fari fram úr gæðastöðlum okkar séu sendar frá fyrirtækinu. Lestu þennan kafla til þess að kynna þér nánar breiða úrvalið af gerðum brjóstapúða sem Mentor býður upp á. Þú getur einnig lesið upplýsingar um öryggi og ábyrgð og jafnframt lesið svörin við algengum spurningum.

MENTOR® VEFJAPENJARAR

Vefjapenjarar eru notaðir bæði í tafarlausum og síðbúnum brjóstauppbyggingaraðgerðum til þess að teygja á húðinni til að mynda poka sem er þannig í lögum að hann henti fyrir brjóstapúða. Eftir að skurðlæknirinn hefur fjarlægt brjóstvefinn kemur hann fyrir óáfylltum vefjapenjarum.

CONTOUR PROFILE™ brjóstavefsþenjarar

MENTOR® CONTOUR PROFILE™ vefjapenjarar eru sérstaklega hannaðir til þess að teygja fyrst og fremst á neðri hluta brjóstsins þannig að pokinn sem myndast henti fyrir brjóstapúðann sem valinn er og falli eins og fullþroska brjóst.

Viðbót SILTEX™ ytra byrðis með mynstrað yfirborð, sem kemur í veg fyrir hliðrun, með það að markmiði að lágmarka herpingu. CONTOUR PROFILE™ vefjapenjarar eru einnig með innbyggt inndælingaraðgengi sem gefur skurðlækninum möguleika á að bæta saltvatni í vefjapenjarann og teygja smám saman á brjóstvefnum yfir nokkra mánaða tímabil. Vefjapenjarinn er síðan fjarlægður þegar brjóstvefurinn getur borið brjóstapúðann sem valinn hefur verið í samráði við meðferðaraðilana.



Vefjapenjari með innbyggðu inndælingaraðgengi

1. Mentor Worldwide LLC. Mentor Worldwide frá Júní 2017.

SILTEX™ BECKER™ vefjapenjari/brjóstapúðar

BECKER™ vefjapenjari/púði er eina varan með geli sem veitir möguleika á uppbyggingu brjósts í einum eða tveimur áföngum. Þessar einstöku vörur eru með innra holrými sem inniheldur saltvatn sem gefur færi á þenslu vefs og ytra holrými sem inniheldur gel sem er hannað til þess að púðinn verði mýkti viðkomu. Fjarlægja aðgengið til inndælingar einfaldar rúmmálsaðlögun og auðvelt er að fjarlægja það þegar þenslu er lokið. BECKER™ vefjapenjari/brjóstapúðar eru tæknileg framför sem gerir skurðlækninum kleift að byggja upp brjóstið af nákvæmi með tilliti til stærðar, lögunar og fyllingar án þess að skerða náttúrulega viðkomu sílíkonhlaups. Vefjapenjarinn er síðan fjarlægður þegar brjóstvefurinn getur borið brjóstapúðann sem valinn hefur verið í samráði við meðferðaraðilana.



MENTOR® BRJÓSTAPÚÐAR

Mentor framleiðir sílíkonbrjóstapúða:

Ytra byrði sílíkonbrjóstapúða er gert úr sílíkoni sem fyllt er með sílíkongeli. Skurðlæknirinn mun hjálpa þér að ákveða hvaða gerð brjóstapúða hentar miðað við líkamsgerð, útkomu sem þú ert að sækjast eftir og væntingar.



BRJÓSTAPÚÐAR SÉRKENNI

Stærð

Stærð brjóstapúða er mæld í rúmsentímetrum (cc). Rúmsentímetrarnir eru fleiri eftir því sem brjóstapúðinn er stærri. Til dæmis er brjóstapúði sem er 300 cc stærri en brjóstapúði sem er 250 cc. Stærð brjóstapúða vísar ekki til hefðbundinnar skálastærðar. Best er að leita ráðgjafar skurðlæknisins þegar tekin er ákvörðun um hvaða stærð brjóstapúða hentar best líkama þínum.

Prófíll

Þegar talað er um prófíl brjóstapúða er átt við hversu framstæður hann er frá brjóstakassa miðað við grunnbreidd púðans. Með öðrum orðum á prófíllinn við um hversu langt fram brjóstapúðinn nær frá líkamanum. Eftir því sem prófíllinn er hærri verður útlínan framstæðari en þegar um er að ræða brjóstapúða með lágan prófíl.

Lögun

MENTOR® sílíkonbrjóstapúðar fást með tvenns konar ákveðinni lögun: dropalaga og kringlóttir. MENTOR® CPG™ brjóstapúðar með geli eru dropalaga, mjórri efst og halla örlítið niður á við til þess að líkja eftir útlínu náttúrulegs brjósts. MENTOR® MemoryGel™ brjóstapúðar eru kringlóttir og geta því hliðrast örlítið þegar búið er að koma þeim fyrir án þess þó að raska lögun brjóstsins. Ræddu við skurðlækninn til þess að kynna þér mismunandi lögunarmöguleika og fá ráðgjöf um hvað myndi henta þér.

SILTEX™ BECKER™ VEFJAPENJARI/BRJÓSTAPÚÐI OG SPECTRUM™ SALT VATNSBRJÓSTPÚÐI MEÐ AÐLÖGUNARMÖGULEIKA veita færi á aðlögun og fást bæði kringlóttir og dropalaga. SILTEX™ BECKER™ VEFJAPENJARI/BRJÓSTAPÚÐI og SPECTRUM™ veitir aðlögunarmöguleika bæði sem vefjapenjari og saltvatnsbrjóstapúði til langframa. Hægt er að koma



SILTEX™ BECKER™ VEFJAPENJARI/BRJÓSTAPÚÐI

honum fyrir með lágmarksfyrirferð í frumaðgerðinni og auka síðan vökvarúmmálið smám saman með tímanum til þess að teygja á brjóstvefjum. Þessi púði er með áfyllingaröngu og fjærlægu inndælingaraðgengi sem hægt er að fjarlægja þegar lokarúmmál hefur náðst. Púðinn er síðan hafður áfram til langframa.

Áferð yfirborðs

Ytra byrði MENTOR® brjóstapúða er annaðhvort með sléttu eða mynstruðu yfirborði.

SILTEX™ mynstrað yfirborð hjálpar til við að draga úr hættu á herpingu og var hannað til þess að fyrirbyggja að formaðir brjóstapúðar færðust úr stað. Ráðfærðu þig við skurðlækninn um hvaða áferð yfirborðs hentar þér best.



MENTOR® CPG™ brjóstapúðar

HVAÐA TEGUND MENTOR® BRJÓSTAPÚÐA HENTAR ÞÉR?

Samhliða samanburður á MemoryGel® brjóstapúðum og CPG™ brjóstapúðum með hlaupi gæti hjálpað þér að ákveða hvað púðategund myndi henta þér. Einnig er skynsamlegt að ráðfæra sig við skurðlækninn sem getur miðlað af reynslu sinni. Þú getur rætt við skurðlækninn um hvaða valmöguleiki myndi henta þér best á grundvelli þeirrar útkomu sem þú sækist eftir.

Hvernig er samanburður milli MENTOR® sílíkonbrjóstpúða, kringlóttra og formaðra eða dropalaga?



MENTOR® MEMORYGEL™ BRJÓSTAPÚÐAR

Fylling	Fylltir með einkaleyfsvörðu samloðandi geli sem heldur jafnri lögun en gefur eftir við snertingu í líkingu við náttúrulegan brjóstvef.
Rúmmál	Fyrirfram fylltir með ákveðnu magni til þess að útkoma verði fyrirsjáanleg.
Framstæðnimöguleikar	Möguleiki á sex framstæðnistigum: Miðlungs, miðlungs plús, miðlungs extra plús, mikil, extra mikil og ofurmikil.
Möguleikar á áferð ytra byrðis	Tveir möguleikar á áferð ytra byrðis: slétt og mynstrað (SILTEX Texture).
Ábyrgð	Stefna Mentor® varðandi lífstíðarábyrgð með tilliti til skipta á vöru og umfang ábyrgðar Mentor® á öryggi sjúklinga.

Vísað er í ítarlegar tæmandi upplýsingar um ábyrgð og viðmið á www.mentorwllc.eu




MENTOR® CPG™ GELFYLLTIR BRJÓSTAPÚÐAR

Fylling	Fylltir með geli með mjög mikla samloðun til þess að lögun haldist lengi, hannaðir til að viðkoma minni á brjóst ungrar konu.
Rúmmál	Fyrirfram fylltir með ákveðnu magni til þess að útkoma verði fyrirsjáanleg.
Framstæðnimöguleikar	Dropalaga til þess að líkja eftir eðlilegum halla brjósts með mestu framstæðni á neðri hluta púðans.
Möguleikar á áferð ytra byrðis	Mynstraðir með MENTOR® SILTEX™ áferð sem er hönnuð til þess að halda púðunum á sínum stað.
Ábyrgð	Stefna MENTOR® varðandi lífstíðarábyrgð með tilliti til skipta á vöru og umfang ábyrgðar MENTOR® á öryggi sjúklinga.

Vísað er í ítarlegar tæmandi upplýsingar um ábyrgð og viðmið á www.mentorwllc.eu

MENTOR® CPG™ BRJÓSTAPÚÐAR

MENTOR® CPG™ brjóstapúðar veita skurðlækninum viðbótarvalkost til þess að hjálpa þér að fá útlínur sem eru eðlilegar ásýndar.



Treyst og sannreyndir

MENTOR CPG brjóstapúðar hafa verið notaðir við skurðlækningar í meira en 10 ár og fást í 70 löndum um allan heim. Þeir eru algengasta val kvenna sem gætu haft ávinning af brjóstapúða sem hjálpar til við að skapa brjóst sem er náttúrulegt að lögun.

Unglegur stinnleiki

Samloðandi gelið sem Mentor notar er gert á sérstakan hátt sem er ólíkt öllu öðru til þess að brjóstin verði viðkomu eins og á ungrri konu.

Sérhver MENTOR® CPG™ brjóstapúði með hlaupi eru með SILTEX™ yfirborði, ígreypu örfínu mynstri, sem er hannað til þess að halda púðunum á sínum stað.

Henta CPG™ brjóstapúðar þér?

Eins og á við um alla valkosti um brjóstapúða þarft þú og skurðlæknirinn að taka tillit til sérstakrar líkamsgerðar þinnar og óska um útkomu til þess að útlitið verði að lokum eins og þú hefur hugsað þér.

Ef þú ert að íhuga brjóstauppbyggingu með MENTOR™ CPG™ brjóstapúðum:

Hefur þú ákveðið útlit í huga?

Dropalaga púðar eru gerðir til að líkja eftir útlínum náttúrulegs brjósts þar sem fyllingin er meiri neðst en efst. Ef það er útlitið sem þú ert að sækjast eftir þá gætu CPG™ hlaupfylltir brjóstapúðar hentað þér.

Finnst þér mikilvægast hvernig brjóstapúðinn er viðkomu?

CPG™ brjóstapúðar eru fylltir með sílíkoni með mjög mikla samloðun sem hjálpar til við að skapa náttúrulegar útlínur brjósts. Enda þótt þetta gel gefi eftir við snertingu er hugsanlegt að þér finnist það stinnara en náttúrulegur brjóstvefur.

Er nægjanlegur vefur til staðar til þess að þekja púðann?

Mikilvægur þáttur þegar verið er að ákveða hvaða gerð brjóstapúða hentar er hversu mikill vefur er til staðar til þess að þekja púðann. Þegar þú mætir í ráðgjöf til skurðlæknisins mun hann meta brjóstvefinn og ákveða hvaða gerðir brjóstapúða muni henta þér vel.

Hefur þú óskir um ákveðinn skurðstað?

Við ísetningu brjóstapúða eru þrír skurðstaðir algengir: við geirvörtubaug, undir brjóstinu og við handarkrika. Nota má hvert þessara skurðsvæða sem er við ísetningu MENTOR® CPG™ brjóstapúða. Hins vegar er algengasti skurðstaðurinn undir brjóstinu. Þörf getur verið á lengri skurði við ísetningu formaðra púða en kringlóttra.

MENTOR® MEMORYGEL™ BRJÓSTAPÚÐAR

Valkostur sem borið er traust til

MemoryGel™ brjóstapúðar hafa verið notaðir með góðum árangri og verið treyst í meira en 30 ár af milljónum kvenna um allan heim. Hvers vegna? Vegna þess að púðarnir okkar eru viðkomu eins og náttúrulegur brjóstvefur – án þess að fórna áreiðanleika eða öryggi.* MemoryGel™ fást með annaðhvort mynstruðu eða sléttu ytra byrði og í breiðu úrvali stærða og framstæðnistiga sem henta mismunandi líkamsgerðum.



Sléttur kringlóttur púði með miðlungs framstæðni



Sléttur kringlóttur púði með miðlungs plús framstæðni



Sléttur kringlóttur púði með mikilli framstæðni



Sléttur kringlóttur púði með extra mikilli framstæðni



SILTEX™ kringlóttur púði með miðlungs framstæðni



SILTEX™ kringlóttur púði með miðlungs plús framstæðni



SILTEX™ Xtra kringlóttur púði með miðlungs plús framstæðni



SILTEX™ Xtra kringlóttur púði með mikilli framstæðni



SILTEX™ kringlóttur púði með mikilli framstæðni



SILTEX™ kringlóttur púði með ofurmikilli framstæðni

* Samanborið við saltvatnsbrjóstapúða.

MENTOR® BRJÓSTAPÚÐAR -ANNAR VALKOSTUR

**Nýstárleg lína af brjóstpúðum með
aðlögunarmöguleika**

SILTEX™ BECKER VEFJABENJARI/PÚÐI

BECKER™ vefjapenjadi/púði er eina varan með geli sem veitir möguleika á uppbyggingu brjósts í einum eða tveimur áföngum. Þessar einstöku vörur eru með innra holrými sem inniheldur saltvatn sem gefur færi á þenslu vefs og ytra holrými sem inniheldur gel sem er hannað til þess að púðinn verði mýkri viðkomu. Fjarlægja aðgengið til inndælingar einfaldar rúmmálsaðlögun og auðvelt er að fjarlægja það þegar þenslu er lokið. BECKER™ vefjapenjadi/brjóstapúði eru tæknileg framför sem gerir skurðlækninum kleift að byggja upp brjostið af nákvæmi með tilliti til stærðar, lögunar og fyllingar án þess að skerða náttúrulegan eftirgefanleika sílíkonhlaups.



MENTOR® SPECTRUM™ SALT VATNSBRJÓSATPÚÐI MEÐ AÐLÖGUNAMÖGULEIKA

Stærðarvalið er oft erfiðasta ákvörðun flestra kvenna varðandi brjóstauppbbyggingu. Nýstárlega línan af MENTOR® SPECTRUM™ brjóstapúða auðveldar ákvörðun um stærð vegna þess að hægt er að aðlaga stærðina eftir að skurðaðgerðinni er lokið.



ÖRYGGI SÍLÍKONS

MENTOR® sílíkonbrjóstapúðar hafa verið notaðir með góðum árangri og verið treyst í meira en 30 ár af milljónum kvenna um allan heim. Hvers vegna? Púðarnir okkar eru líkari viðkomu náttúrulegs brjóstvefs án þess að skerða áreiðanleika eða öryggi. Mentor hefur staðið fyrir sjö klínískum rannsóknum með brjóstapúðum með geli. Fleiri en 200.000 konur hafa tekið þátt í rannsóknum Mentor sem gerðar voru í þeim tilgangi að afla marktækra klínískra vísbendinga til þess að sýna fram á öryggi hlaupfylltra brjóstapúða og árangur af notkun þeirra. Eins og fram að þessu munum við hjá Mentor áfram einsetja okkur að afla hlutlægra, klínískra upplýsinga um öryggi brjóstapúða.¹

Sílikon sem notað er í dag í samanburði við sílikon fortíðarinnar

Gerðar hafa verið breytingar á brjóstapúðum með sílíkongelfyllingu með tímanum til þess að mæta auknum kröfum og væntingum neytenda. Allra fyrstu sílíkonbrjóstapúðarnir voru með þykku ytra byrði og stífu geli. Púðarnir sem komu á markaðinn á eftir þeim sem framleiddir voru seint á áttunda áratug 20. aldar voru með þynnra ytra byrði og geli með minni stinnleika til þess að uppfylla kröfur sjúklinga og skurðlækna sem álitu púðana of stífa, áþreifanlega og augljósa.

Á miðjum níunda áratug 20. aldar var tíðni rofs á annarrar kynslóðar púða með þynnra ytra byrði áhyggjuefni sem leiddi til þess að framleiðendur kynntu þriðju kynslóð púða. Ytra byrði og gelið í þeim var örllítið þykkara en samt mjúkt.

Í dag er fjórða kynslóð hlaupfylltra púða fáanleg. Talað er um þá sem púða með geli með mikla samloðun.



1. Summary of the Safety and Effectiveness of Mentor's MemoryGel™ Silicone Gel-Filled Implants in Patients who are Undergoing Primary Breast Augmentation, Primary Breast Reconstruction, or Revision. 10-Year Core Gel Final Clinical Study Report. April 2013. MemoryGel™ Post Approval Study Seventh Annual Report, November 5, 2013. Adjunct Study Final Report for Mentor's MemoryGel™ Silicone Gel-Filled Breast Implants, 02 November 2012. Mentor Worldwide, LLC. MemoryShape™ Post-Approval Cohort Study (formerly Contour Profile Gel Core Study) Final Clinical Study Report. 02 June 2015. Mentor Becker Expander/Breast Implant Clinical Trial 2013 Annual Report. MemoryShape™ Post-Approval Cohort Study (formerly Contour Profile Gel Core Study). 2013 CPG Styles Study: A Study of the Safety of the Contour Profile Gel Breast Implants in Subjects who are Undergoing Primary Breast Augmentation, Primary Breast Reconstruction, or Revision. 2015 MemoryShape™ Post-Approval Continued Access Study (formerly Contour Profile Gel Continued Access Study). 2014

ÖNNUR MIKILVÆG ÁSTÆÐA FYRIR AÐ TREYSTA MENTOR:

Mentor er í fararbroddi á heimsvísu í framleiðslu, rannsóknum og prófunum brjóstapúða. Við höfum í meira en 30 ára fylgt ströngum stöðlum varðandi framleiðslu, prófanir og klínískar rannsóknir á saltvatns- og gelbrjóstapúðum til notkunar bæði við brjóstastækkun og brjóstauppyggingu. Þess vegna hefur fyrirtækið ávallt verið viðurkennt af skurðlæknum fyrir framúrskarandi vörur².

Fleiri en 5 milljónir kvenna um allan heim hafa notað MENTOR® brjóstapúða með hlaupi.

Mentor einsetur sér að gera víðtækar klínískar langtímarannsóknir

Auk mats FDA einsetur Mentor sér að gera eigin víðtækar klínískar langtímarannsóknir. Í gegnum árin hefur Mentor gert umfangsmikið mat bæði á saltvatnsfylltum og gelfylltum brjóstapúðum. Mentor einsetur sér og mun áfram leggja áherslu á á afla hlutlægra, klínískra upplýsinga um öryggi brjóstapúða¹.

1. Summary of the Safety and Effectiveness of Mentor's MemoryGel™ Silicone Gel-Filled Implants in Patients who are Undergoing Primary Breast Augmentation, Primary Breast Reconstruction, or Revision. 10-Year Core Gel Final Clinical Study Report. April 2013. MemoryGel™ Post Approval Study Seventh Annual Report, November 5, 2013. Adjunct Study Final Report for Mentor's MemoryGel™ Silicone Gel-Filled Breast Implants, 02 November 2012. Mentor Worldwide, LLC. MemoryShape™ Post-Approval Cohort Study (formerly Contour Profile Gel Core Study) Final Clinical Study Report. 02 June 2015. Mentor Becker Expander/Breast Implant Clinical Trial 2013 Annual Report. MemoryShape™ Post-Approval Cohort Study (formerly Contour Profile Gel Core Study. 2013 CPG Styles Study: A Study of the Safety of the Contour Profile Gel Breast Implants in Subjects who are Undergoing Primary Breast Augmentation, Primary Breast Reconstruction, or Revision. 2015 MemoryShape™ Post-Approval Continued Access Study (formerly Contour Profile Gel Continued Access Study). 2014
2. ISO: Non-active surgical implants — Mammary implants — Particular requirements. 14607. Second edition. 2007-02-15



STEFNA MENTOR VARÐANDI LÍFTÍÐARÁBYRGÐ MEÐ TILLITI TIL SKIPTA Á VÖRU

Við erum stolt af að bjóða lífstíðarábyrgð Mentor með tilliti til skipta á vöru og takmarkað umfang ábyrgðar á öryggi sjúklinga.

Hugarró þín skiptir okkur miklu máli. Öllum vörum MENTOR® fylgir lífsstíðarábyrgð með tilliti til skipta gelfylltra og saltvatnsfylltra brjóstapúða sem rofna vegna þess að ytra byrðið hefur gefið sig. Skurðlæknir viðkomandi sjúklings þarf að senda beiðni til Mentor um nýja vöru í staðinn.

Vinsamlegast heimsæktu www.mentorwwlc.eu til að kynna þér nánar skilmála í stefnu Mentor varðandi lífstíðarábyrgð með tilliti til skipta á vöru og takmarkað umfang ábyrgðar MENTOR® á öryggi sjúklinga.

ALGENGAR SPURNINGAR UM BRJÓSTAPÚÐA

Til þess að kynna þér sem ítarlegastar upplýsingar um brjóstaupbyggingaraðgerð bjóðum við þér að heimsækja www.mentorwllc.eu/for-patients

Hvað er brjóstapúði?

Þegar talað er um „brjóstapúða“ er átt við sílíkon ytra byrði sem fyllt er með annaðhvort sílíkongeli eða saltvatni. Skurðlæknar sem framkvæma brjóstastækkun eða brjóstaupbyggingu setja þessa púða undir brjóstvef eða brjóstvöðva til þess skapa brjóst sem eru fyllri, bæði ásýndar og við snertingu.

Hvað eru MENTOR® MemoryGel™ brjóstapúðar?

MENTOR® MemoryGel™ brjóstapúðar eru fyrirfram fylltir með einkaleyfisvörðu samloðandi geli frá Mentor. MENTOR® MemoryGel™ brjóstapúðar halda jafnri lögun og gefa eftir við snertingu í líkingu við náttúrulegan brjóstvef.



MYND ER Á VIÐ ÞÚSUND ORÐ

Við skárum MENTOR® MemoryGel™ brjóstapúða í tvennt til þess að sýna hvernig efnið í gelinu loðir saman með jöfnum hætti.* MemoryGel™ er samloðandi gelatínlíkt efni sem rennur ekki eða skilur sig eins og vökvi en er líkara föstu efni.

Fylgni okkar við strangar framleiðslukröfur hefur leitt til framleiðslu ytra byrðis úr sílíkoni sem hefur verið prófað og sýnt fram á að hefur til að bera frábæran styrkleika, viðnám og teygjanleika.



Við erum stolt af MemoryGel™ brjóstapúðum og það er augljóst hvers vegna:

- MemoryGel™ brjóstapúðar eru eitt af mest rannsökuðu lækningatækjum í heimi.
- Samloðandi gelið sem er gert á sérstakan hátt gerir það að verkum að við snertingu er tilfinningin svo eðlileg að milljónir kvenna kjósa það frekar.¹

*Í samanburði við saltvatnsfyllta brjóstapúða.

1. Summary of the Safety and Effectiveness of Mentor's MemoryGel™ Silicone Gel-Filled Implants in Patients who are Undergoing Primary Breast Augmentation, Primary Breast Reconstruction, or Retherevision. 10-Year Core Gel Final Clinical Study Report. April 2013.
2. MemoryGel™ Post Approval Study Seventh Annual Report, November 5, 2013.
3. Adjunct Study Final Report for Mentor's MemoryGel™ Silicone Gel-Filled Breast Implants, 02 November 2012.
4. Mentor Worldwide, LLC. MemoryShape™ Post-Approval Cohort Study (formerly Contour Profile Gel Core Study) Final Clinical Study Report. 02 June 2015
5. Mentor Becker Expander/Breast Implant Clinical Trial 2013 Annual Report
6. MemoryShape™ Post-Approval Cohort Study (formerly Contour Profile Gel Core Study. 2013
7. CPG Styles Study: A Study of the Safety of the Contour Profile Gel Breast Implants in Subjects who are Undergoing Primary Breast Augmentation, Primary Breast Reconstruction, or Revision. 2015
8. MemoryShape™ Post-Approval Continued Access Study (formerly Contour Profile Gel Continued Access Study). 2014



Hvað er sílíkon?

Á íslensku hefur skapast sú hefð að tala um sílíkon í brjóstapúðum en í rauninni er það „silicone“ á ensku sem er komið af „silicon“ sem er hálfmálmur eða mámlíkt efni sem í náttúrunni binst súrefni og myndar sílíkontvíoxíði eða kísil. Sandur á ströndum, kristallar og kvarsar eru kísill. Kísill er algengast efnið á jörðinni. Þegar kísill er hitaður með karbóni við hátt hitastig er hægt að framleiða silicone. Frekari vinnsla getur breytt „silicon“ í „silicone“ sem getur verið í vökvaformi, hlaupformi eða gúmmilíkt efni. Ýmis „silicone“ og jafnframt „silicone“-teygjuefni eru notuð í sleipiefni og olíur.

„Silicone“ má finna í mörgum algengum neytendavörum eins og tyggigúmmí, naglalakki, sólar- og handáburði, svitalyktareyði, baðsápum og unninni fæðu.

Eru sílíkonfylltir brjóstapúðar öruggir?

MENTOR® MemoryGel™ brjóstapúðar hafa verið notaðir með góðum árangri og verið treyst í meira en 30 ár af milljónum kvenna um allan heim. Fleiri en 200.000 konur hafa tekið þátt í rannsóknum Mentor sem gerðar voru í þeim tilgangi að afla marktækra klínískra vísbendinga til þess að sýna fram á öryggi hlaupfylltra brjóstapúða og árangur af notkun þeirra. Eins og við höfum í áraraðir munum við hjá Mentor áfram einsetja okkur að afla hlutlægra, klínískra upplýsinga um öryggi brjóstapúða.¹

Ítarlegar upplýsingar um áhættu og ávinning í tengslum við MENTOR® brjóstapúða eru í mismunandi fræðslubæklingum okkar. Mikilvægt er að lesa og skilja efni þessara bæklinga þegar verið er að íhuga val MENTOR® brjóstapúða. Brjóstapúðar endast ekki ævilangt. Hugsanlegt er að þörf geti orðið á ófyrirhugaðri aðgerð á brjóstum vegna fylgikvilla eða óásættanlegs útlits. Algengustu vandamál sem geta fylgt uppbyggingu brjósta eru þörf á enduraðgerð, þörf á brotnámi brjóstapúða og herping. Önnur áhætta sem minni líkur eru á er rof á brjóstapúða. Læknirinn mun fylgjast með þér eftir skurðaðgerðina með tilliti til hugsanlegra fylgikvilla.

Hvaða munur er á sílíkongelinu sem notað er í dag og því sem notað var á árum áður?

Gerðar hafa verið breytingar á brjóstapúðum með sílíkongefyllingu á síðustu þremur áratugum til að mæta auknum kröfum og væntingum neytenda. Allra fyrstu sílíkonbrjóstapúðarnir voru með þykku ytra byrði og innihéldu stíft gel. Síðan kom á markaðinn önnur kynslóð brjóstapúða seint á áttunda áratug 20. aldar með þynnra ytra byrði og geli með minni stinnleika til þess að uppfylla kröfur sjúklinga og skurðlækna sem álitu púðana of stífa, áþreifanlega og augljósa.

Á miðjum níunda áratug 20. aldar var tíðni rofs á annarrar kynslóðar púðum með þynnra ytra byrði áhyggjuefni sem leiddi til þess að framleiðendur kynntu þriðju kynslóð púða. Ytra byrði og gelið í þessum þriðju og fjórðu kynslóðar púðum var örlítið þykkara en samt mjúkt.

Í dag er dæmigert að tala um þriðju kynslóðar sílíkongefylltu púðana sem púða með samloðandi geli og fjórðu kynslóðar púðana sem púða með mjög samloðandi geli. Vörur Mentor hafa haldið í við síauknar væntingar skurðlækna og kvenna sem kjósa mjúkt gel til þess að það verði viðkomu líkt og raunverulegur brjóstvefur.

Er latex í brjóstapúðum MENTOR®

Nei MENTOR® brjóstapúðar eru ekki gerðir úr gúmmílatexi vegna þess að latexofnæmi er svo algengt.

Er virk platína í brjóstapúðum?

Við framleiðslu ytra byrðis og hlaupfyllingarefnis brjóstapúða er platína notuð sem hvati. Vegna þess að örlítið magn af platínu verður eftir í vörunni eftir framleiðslu, hafa komið fram áhyggjur um að platína geti hugsanlega borist inn í líkamann, annaðhvort með flæði gegnum heilt ytra byrði eða vegna rofs á púða.

Árið 2006 sendi Matvæla og lyfjæftirlit Bandaríkjanna (FDA) hins vegar frá sér eftirfarandi ályktun um platínu: „Á grundvelli fyrirliggjandi heimilda telur FDA að platína sem er í brjóstapúðum sé á oxunarstigi núll, sem ætti að þýða minnstu áhættu, og að það litla magn af platínu sem lekur gegnum ytra byrðið valdi ekki verulegri hættu fyrir konur með sílíkonbrjóstapúða.“

Hversu mikið vega brjóstapúðar?

Þú getur notað eftirfarandi formúlu til þess að áætla þyngd MENTOR® MemoryGel™ brjóstapúða og saltvatnsfylltra brjóstapúða: 1 únsa (28 grömm) = 30 cc (rúmsentímetrar).

Dæmi: 300 rúmsentímetra púði = 280 grömm. Þyngd púða er mismunandi eftir stærð.

Hvernig er rúmsentímetrafjöldi miðað við skálastærð?

Rúmsentímetrafjöldi er ekki hægt að miða nákvæmlega við skálastærð brjóstahaldara.

Hvaða áhrif hafa brjóstapúðar á brjóstamyndatöku?

Þegar um er að ræða brjóstapúða getur reglubundin skimun með brjóstamyndatöku verið erfiðari. Brjóstapúðinn getur komið í veg fyrir að brjóstakrabbamein greinist í brjóstamyndatöku og almennt er þörf á röntgenrannsókn til viðbótar og jafnframt er meiri möguleiki á meiri útsetningu fyrir geislun. Ef þú ert á viðeigandi aldri fyrir brjóstamyndatöku ættir þú að halda áfram að fara í reglubundna skimun með brjóstamyndatöku eins og skurðlæknirinn þinn hefur ráðlagt. Þegar þú ferð í slíka rannsókn skaltu muna að segja geislunarfræðingnum að þú sért með brjóstapúða.

Hver er meðalendingartími brjóstapúða?

Mikilvægt er að vita að brjóstapúðar endast ekki ævilangt. Þótt endingartími brjóstapúða sé mismunandi milli kvenna, kemur einhvern tíma að því að þörf sé á endurnýjun. Endurnýjun ræðst oft af einstaklingsbundnu vali eins og ósk um að breyta um stærð eða púðagerð. Sumar konur gangast undir púðaskipti vegna vandamála eins og leka úr saltvatnspúða eða rofs á gelpúða.

*Heimild: www.fda.gov/cdrh/breastimplants/platinum.html



Þarf ég að ná kjörþyngd áður en ég gengst undir ísetningu brjóstapúða?

Ákjósanlegt er að vera nálægt kjörþyngd. Hvers vegna? Vegna þess að þegar konur léttast eða þyngjast verulega eftir að hafa gengist undir ísetningu brjóstapúða getur niðurstaðan orðið ófyrirsjáanleg og/ eða óásættanleg.

Hversu lengi ætti að bíða með að stunda hreyfingu á ný eða aðrar athafnir sem krefjast áreynslu eftir uppbyggingu brjósts?

Skurðlæknirinn er best í stakk búinn til þess að svara þessari spurningu. Vegna þess að einstaklingsbundið er hversu langan tíma tekur að ná sér mun hann ákveða hversu lengi þú þurfir að hafa hægt um þig og hvenær þú getur hafið á ný venjubundnar athafnir. Gættu þess að ráðfæra þig við skurðlækninn áður en þú byrjar að stunda hreyfingu á ný.

Þess vegna biðja skurðlæknar sjúklinga um að vera í reykbíndindi í eina til fimm vikur fyrir aðgerð. Mikilvægt er að þú spyrjir skurðlækninn um hvað hann ráðleggi þér sérstaklega.

Fylgir ábyrgð MENTOR® brjóstapúðum?

Hugarró þín skiptir okkur miklu máli. Öllum vörum MENTOR® fylgir lífsstíðarábyrgð með tilliti til endurnýjunar sem veitir þér án endurgjalds endurnýjun gelfylltra og saltvatnsfylltra brjóstapúða sem rofna vegna þess að ytra byrðið hefur gefið sig. Skurðlæknir viðkomandi sjúklings þarf að senda beiðni til Mentor um nýja vöru í staðinn.

Vinsamlegast heimsæktu www.mentorwwlc.eu til að kynna þér nánar skilmála í stefnu Mentor varðandi lífstíðarábyrgð með tilliti til skipta á vöru og takmarkað umfang ábyrgðar MENTOR® á öryggi sjúklinga.



SPURNINGAR SEM RÁÐLAGT ER AÐ SPYRJA SKURÐLÆKNINN

- Hvaða valmöguleika hef ég varðandi brjóstauppbyggingu?
- Hvaða hugsanleg áhætta og fylgikvillar geta fylgt mismunandi brjóstauppbyggingaraðgerðum og hversu algengir eru þeir?
- Hvað verður ef krabbameinið tekur sig upp í hinu brjóstinu?
- Truflar brjóstauppbyggingin krabbameinsmeðferðina?
- Hversu margir áfangar fylgja hverri aðgerð og hvernig er þeim háttáð?
- Hversu langan tíma tekur að ljúka brjóstauppbyggingunni?
- Hversu mikla reynslu hefur þú af framkvæmd sérhvarrar aðgerðar?
- Ertu með einhverjar „fyrir“ og „eftir“ myndir sem ég get fengið að skoða? Hvaða útkomu get ég búist við?
- Hvernig koma örin til með að líta út?
- Hvaða breytingum get ég búist við að brjóstapúðinn komi til með taka á sig með tímanum?
- Hvaða breytingum get ég búist við að brjóstapúðinn komi til með taka á sig ef til þungunar kemur?
- Hverjir eru valmöguleikar mínir ef ég verð óánægð með útlit brjóstsins sem púðinn var græddur í?
- Get ég fengið að ræða við aðra sjúklinga um reynslu þeirra?
- Hver er áætlaður kostnaður við hverja aðgerð þegar brjóstauppbygging er gerð í áföngum?
- Hversu mikla verki og óþægindi kem ég til með að vera með og hversu lengi?
- Þarf ég einhvern tíma að láta skipta um púða?
- Hversu lengi þarf ég að dvelja á sjúkrahúsi?
- Kem ég til með að þurfa blóðgjöf?
- Hvenær kem ég til með að geta tekið upp fyrri athafnir (stundað kynlíf eða íþróttir)
- Hver er framleiðandi brjóstapúðans sem verður græddur í mig?
- Fylgir ábyrgð vörum framleiðandans?

VIÐ ERUM ÁVALLT TIL STAÐAR TIL AÐ AÐSTOÐA

Eftirfarandi upplýsingaveitur geta hugsanlega hjálpað þér að nálgast viðbótarupplýsingar til þess að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um brjóstauppbýggingu.

UPPLÝSINGAVEITUR UM BRJÓSTAUPPBÝGGINGU

Eftirfarandi listi yfir upplýsingaveitur getur hjálpað þér að nálgast frekari upplýsingar og stuðning í tengslum við ákvörðun um brjóstauppbýggingu.

FRAKKLAND

Upplýsingar um brjóstakrabbamein

www.cancerdusein.org

Samtök lýtalækna í Frakklandi

<http://www.sfce.fr>

ÞÝSKALAND

Upplýsingar um brjóstakrabbamein

<http://www.gbg.de>

Samtök lýtalækna í Þýskalandi

www.vdpc.de

ÍTALÍA

Upplýsingar um brjóstakrabbamein

<https://www.europadonna.org>

Samtök lýtalækna á Ítalíu

www.sicpre.org

SPÁNN

Upplýsingar um brjóstakrabbamein

www.aecc.es

Samtök lýtalækna á Spáni

www.cirugia-plastica.org

BRETLAND

Upplýsingar um brjóstakrabbamein

www.breastcancercare.org.uk

British Association of Plastic,

Reconstructive and Aesthetic

Surgeons (BAPRAS)

(Samtök lýtalækna í Bretlandi)

www.bapras.org.uk



MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR UM ÖRYGGI

MENTOR® brjóstapúðar eru ætlaðir til brjóstastækkunar hjá konum sem hafa að minnsta kosti náð 18 ára aldri eða til brjóstauppyggingar. Skurðaðgerð til ísetningar brjóstapúða á ekki að gera hjá konum sem eru með virka sýkingu einhvers staðar í líkamanum, krabbamein eða forstíga krabbamein í brjósti (brjóstum), sem ekki hafa fengið fullnægjandi meðferð við þessum sjúkdómum, eða þeim sem eru þungaðar eða með barn á brjósti. Vissir áhættuþættir tengjast brjóstapúðaígræðslu. Brjóstapúðar endast ekki að eillfu og ekki er víst að ísetningu brjóstapúða fylgi einungis ein aðgerð. Sjúklingar gætu þurft viðbótaraðgerðir á brjósti (brjóstum), sem ekki voru fyrirhugaðar, vegna fylgikvilla eða óásættanlegs útlits brjóststans (brjóstanna). Margar þær breytingar sem verða á brjóstinu (brjóstunum) í kjölfar ígræðslu eru óafturkræfar (ekki hægt að færa í fyrri horf) og brjóstapúðar geta haft áhrif á getu til brjóstgjafar annaðhvort með því að draga úr mjólkurmyndun eða koma í veg fyrir hana.

Algengustu vandamál sem geta fylgt MENTOR® MemoryGel™ brjóstapúðum eru m.a. þörf á enduraðgerð, þörf á brotnámi brjóstapúða, herping, ósamhverfa og verkur í brjósti. Önnur áhætta sem minni líkur eru á er rof á brjóstapúða sem er oftast þögult (sem þýðir að hvorki konan eða skurðlæknirinn verður var við rofið). Ekki er að fullu vitað hvaða áhrif rof á sílíkonpúða hefur á heilsufar. Skimun eins og brjóstamyndataka, segulómun eða ómun er ráðlögð eftir upphaflega ígræðslu til þess að fylgjast með hvort púði hafi rofnað. Læknirinn mun fylgjast með þér eftir skurðaðgerðina með tilliti til hugsanlegra fylgikvilla.

Algengustu vandamál sem koma upp í tengslum við MENTOR® saltvatnsfyllta brjóstapúða eru m.a. þörf á enduraðgerð, þörf á brotnámi brjóstapúða, herping, misræmi í útliti brjósta og verkur í brjósti, herping, krumpur, leki, ósamhverfa og verkur í brjósti. Sléttu kringlóttu vefjapenjarar MENTOR® með fjærlægu aðgengi til inndælingar er hægt að nota til aðgerða til brjóstauppyggingar eftir brjóstnám, til lagfæringar þegar um vanþroska brjóst er að ræða, til að draga úr sýnileika öra og þegar vöntun er á vef. Vefjapenjarinn og fjarlægga aðgengið til inndælingar er ætlað til tímabundinnar ígræðslu undir húð eða vöðva og ekki til notkunar lengur en sex mánuði.

MENTOR® CPX™4 brjóstavefsþenjara er hægt að nota til aðgerða til brjóstauppyggingar eftir brjóstnám, til lagfæringar þegar um vanþroska brjóst er að ræða, til að draga úr sýnileika öra og þegar vöntun er á vef. Þessir vefjapenjarar eru ætlaðir til tímabundinnar ígræðslu undir húð eða vöðva og á að nota innan tímaramma sem læknirinn ákveður til þess að ná tilætlaðri þenslu vefs.* CPX™ brjóstavefsþenjara eru tæki með segulmögnum aðgengi til inndælingar og því MÁ EKKI fara í segulómun eftir ígræðslu þeirra. Notið ekki CPX™ brjóstavefsþenjara í sjúklinga sem gætu þurft á segulómun að halda.

Notið ekki CPX™ brjóstavefsþenjara í sjúklinga sem eru með ígrætt tæki sem segulmögnum gæti haft áhrif á. Tækið gæti hreyfst vegna segulómunar sem gæti valdið sársauka eða tilfærslu sem gæti hugsanlega leitt til þess að þörf yrði á skurðaðgerð til lagfæringar. Komið hefur í ljós að tíðni útfalls vefjapenjara er hærrí þegar þeim hefur verið komið fyrir á sködduðum svæðum: með örum, svæðum sem hafa verið geisluð mikið eða sködduð vegna bruna, þar sem bein eru brotin eða þar sem svæðið hefur áður verið minnkað verulega með skurðaðgerð.

Sjúklingar eru minntir á að ræða við skurðlækninn um ábendingar, fráabendingar, viðvaranir, varúðarreglur, áhættur og ávinning í tengslum við MENTOR® brjóstapúða og lesa mikilvægu öryggisupplýsingarnar sem er að finna á www.mentorwllc.eu. Mikilvægt er að sjúklingar átti sig á áhættu í tengslum við aðgerðir til ígræðslu brjóstapúða þegar þeir eru að íhuga val á MENTOR® brjóstapúðum.





Mentor Medical Systems
B.V.Zernikedreef 2, 2333 CL
Leiden Hollandi
Tölvupóstfang: contact@medgb.jnj.com

©Mentor Worldwide LLC 2018 077852-170803
www.mentorwwllc.eu



Ætlað til notkunar af eða undir stjórn læknis.
Mikilvægt er að lesa notkunarleiðbeiningarnar og
skilja frábendingar, viðvaranir og varúðarreglur.

Öll réttindi áskilin